



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 1. tbl.

Janúar 2010

Þorrablótíð 2010!

Nú er komið að því að halda hið árlega þorrablót í Árnesi á bóndadaginn 22. janúar.

Húsið opnar kl. 20:00 og blótíð hefst stundvíslega kl. 20:45. Miðaverð er 5.000 kr.

Miðapantanir þurfa að berast fyrir mánudagskvöldið 18. janúar.

Tilkynnið þátttöku og pantið miða hjá eftirtöldum:

Þóra: 482-2929 / 847-2930

Bikki: 486-6121 / 844-5792

Sirry: 486-6038 / 891-6334

Barinn verður opinn að venju (gos og vinsala)

Síðastir koma ekkert fá!



Þorrablótsnefndin



Komið öll sæl og gleðilegt ár.

Ýmislegt var gert í Leikholti í nóvember og desember. Þann 16. nóvember kom hún Peta frá Björgunarsveitinni Sigurgeir og gaf okkur öllum í leikskólanum endurskinsmerki. Takk kærlega fyrir það.

T.h. er Fjólublái hópur án endurskinsmerkja og síðan með merkin og sjást þau miklu betur með endurskinsmerki. Allir ættu að nota endurskinsmerki í skammdeginu.



Þann 21. desember fóru elstu börn Leikholtis, Fjólublái hópur, í jólaferð ☺ Bjarni skólabílstjóri keyrði hópinn og lagt var af stað frá leikskóla um kl 9:30. Við byrjuðum á því að heimsækja Húsið á Eyrarbakka þar sem vingjarnleg kona að nafni Linda tók á móti okkur. Linda

fræddi okkur um jólin áður fyrr, sögu Hússins og sýndi okkur gömul jólatré og ýmislegt sem tengdist jólum í gamla daga. Börnin voru áhugasöm. Við fengum að skoða Húsið hátt og lágt og það var gaman ☺



Börnin fengu að vökva elsta jólatré landsins! En það er skreytt með lyngi sem þarf að vökva.

Og svo fengu allir piparköku.



☺ Að lokum komum við á Blesastöðum þar sem börnin sungu nokkur jólalög fyrir „eldgamlar“ konur. „Þetta eru gömlu konurnar hennar Láru“ sagði einn drengur ☺ Börnin sungu svo vel að það var yndislegt að hlusta á þau. Þessi ferð tókst í alla staði vel og það var ánægður hópur sem koma aftur í leikskólann þennan dag.

Börnin á Kaffihúsi Vilbergs



Gönguferð um Brautarholt í desember ☺

Börnin í vestum frá VÍS að syngja fyrir heimilisfólkið á Blesastöðum.

Það er alltaf gaman hjá okkur í Leikholti og margt sem við gerum. Nú í upphafi árs er að hefjast þemavinna og að þessu sinni eru húsdýrin tekin fyrir. Afraksturinn verður svo sýndur á árshátíð leikskólans í apríl.

Kveðja frá börnum og starfsfólki.

Týnd fundargerðabók!

Fundargerðabók Umf. Skeiðamanna frá 1966 til 1987 finnst ekki í gögnum ungmennafélagsins. Líklegt er að um eina bók sé að ræða. Ef einhver veit hvar hún er niður komin, eða getur fundið hana, er hann vinsamlega beðinn að láta Þorgeir vita í síma 486-5520 (netfang ebrun@eyjar.is).

Hugsanlegir leitarstaðir gætu verið: Kassar hjá stjórnarmönnum frá 1986 til ca.1996. Einnig er mögulegt að einhver hafi fengið hana lánaða t.d. vegna afmælis félagsins 1988.

Stjórnin.





Þjórsárskóli

Áhrif foreldra

Það hefur oft verið kynnt að áhrif foreldra séu mikil í velgengni barna. Þar er horft til margra þátta s.s. forvarnarstarfs, skólagöngu og þátttöku í skipulagðri félags- eða íþróttastarfsemi. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna minnkar líkur á því að börn noti áfengi eða fíkniefni. Einnig sýna rannsóknir að stuðningur foreldra er afgerandi fyrir þátttöku barna í skipulagðri æskulýðsstarfsemi. Rannsóknir um þetta eru íslenskar og má finna niðurstöður þessarar á www.rannsoknir.is

Nú í haust fóru Bolette og Sólrún og hlustuðu á Dr. Charles Desforges prófessor emeritus við Háskólann í Exeter. Hann starfar sem sjálfstæður rannsakandi og ráðgjafi í menntunarfræðum á sviði náms og kennslu, íhlutunar foreldra og stjórnunar í skólum. Fyrirlestur hans var mjög áhugaverður og fjallaði um áhrif foreldra á skólagöngu barna sinna. Hann skýrði frá rannsóknum sem gerðar hafa verið í Bretlandi varðandi nám og skólastarf. Þar kemur fram að foreldrar eru stærsti áhrifavaldurinn í skólagengi nemenda og áhrif þeirra eru mest inni á heimilinu. Það skiptir máli fyrir skólagöngu barna hvað foreldrar gera með börnum sínum þar og hvernig þeir nálgast viðfangsefni tengd skólanum. Gæði skólastarfs skipta miklu máli en stuðningur foreldra við nám barna sinna er lykilatriði varðandi velgengni þeirra í námi. Námsefnið þróast og breytist og foreldrar þurfa að vita meira nú en þeir þurftu að vita áður til að geta hjálpað til við nám barna sinna.

Samvera foreldra og barna er jákvæð og stuðlar að því að sá mikli mannauður sem er í foreldrum flytjist á milli kynslóða. Á álagstímum er samvera oft það mikilvægasta og það besta sem börn okkar upplifa þó veraldleg gæði minnki. Ég þakka ykkur fyrir þann góða stuðning sem skólinn hefur notið í samfélaginu á undanförunum árum og hvet ykkur foreldra og aðra til að halda áfram að styðja við skólagöngu barna okkar allra.

Með nýárskveðju,

Ingibjörg María, skólastjóri Þjórsárskóla

Bílyklar töpuðust!!

Zuzuki bílyklar töpuðust rétt fyrir jól á bílastæðinu við Kertasmiðjuna.

Skilvís finnandi er vinsamlegast beðinn um að hafa samband í Helgu í Vorsabæ í síma 4865524.



Aðalfundur UMF. Skeið

Aðalfundur UMF. Skeið verður haldinn sunnudaginn 24. Janúar í Brautarholti. Fundurinn hefst klukkan 14.00 og við vonumst til að sjá sem flesta. Boðaðar eru breytingar á stjórn Kveðja stjórnin

Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða, fyrir lífið sjálft.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079

fossnes@uppsveitir.is

59. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 15. desember 2009 kl. 13:00 í Árnesi.

Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Gunnar óskaði eftir að taka á dagskrá erindi frá almannavörnum Árnessýslu, og lóðablað vegna skiptingu jarðanna Sandlækjarkots og Kletta. Samþykkt að taka á dagskrá.

1. Fundargerð skólanefndar 41. fundur.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla 42. fundur haldinn 07.12.09.

Fundargerð samþykkt.

3. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurlands 123. fundur haldinn 03.12.09.

Lögð fram.

4. Fundargerð félagsmálanefndar 118. fundur haldinn 02.12.09.

Fundargerð staðfest

5. Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu 79. fundur haldinn 16.11.09.

3. liður: „Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir inngöngu Ölfuss í Brunavarnir Árnessýslu fyrir sitt leyti og býður Ölfusinga velkomna í BÁ“

Fundargerð staðfest.

6. Fundargerð Skólaskrifstofu Suðurlands 118. fundur haldinn 26.11.09.

Lögð fram

„Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir mótmæli Skólaskrifstofu Suðurlands vegna álits menntamálaráðuneytisins um skólagöngu fósturbarna og breytingar á reglugerð um skólaakstur, breytingin fer gegn þeirri meginreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu að kostnaðarlausu.“

7. Erindi frá Árdísi Jónsdóttur v/jólahlaðborðs starfsmanna sveitarfélagsins. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2009 var gert ráð fyrir að bjóða starfsmönnum og mökum þeirra á jólahlaðborð, en benda má að þessi liður er ekki inn í fjárhagsáætlun 2010.

8. Erindi frá Umhverfisstofnun með ósk um að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í vinnuhóp sem vinni að stækkun friðlandsins í Þjórásarverum.

Sveitarstjórn tilnefnir Jón Vilmundarson sem fulltrúa í vinnuhóp um stækkun friðlandsins í Þjórásarverum.

9. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v/tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Einnig erindi frá SASS v/sama málaflökks.

Erindi lögð fram.

10. Tillaga frá Skafta Bjarnasyni um langtímaáætlun í uppbyggingu virkjana og atvinnumálum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að fara fram á viðræður við hlutaðeigandi aðila með það að markmiði að gerð verði sameiginleg áætlun um virkjun neðri hluta Þjórsár á 20 til 40 árum og atvinnuuppbyggingu sem hámarki nýtingu rafmagns til lengri tíma í Þjórsársveitum og nærsveitum þeirra.

Sveitarstjórn vísar tillögunni til sameiginlegs fundar Þjórsársveita.

11. Fundur um framtíð sundlaugar í Þjórsárdal ofl. frá 02.12.09.

Lögð fram.

12. Kynnt vinna sem er í gangi varðandi lausn á kaldavatnsmálum í Árnesi. Um-ræðu um málið var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar, gögn málsins voru þá send með fundarboði.

Sveitarstjórn samþykkir að halda áfram könnun á möguleikum til vatnsöflunar.

13. Farið yfir fyrirkomulag og verðskrár á snjómokstri.

Lögð fram drög að samningum um snjómokstur annars vegar við Strá ehf og hins vegar við Bigfoot ehf.

14. Gengið frá samkomulagi um upplýsingamiðstöð í Árnesi, drög að samningi hafa verið kynnt sveitarstjórnarmönnum. Á þeim verða gerðar smávægilegar breytingar í samræmi við umræður á síðasta fundi sveitarstjórnar og verða mögu-leika á endurskoðun samnings, Helgi Bjarnason mætir á fundinn.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning, milli Landsvirkjunar og Sveitar-stjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

„Samstarfssamning um uppbyggingu og rekstur á upplýsingamiðstöð í Árnesi um Þjórsár og Þjórsárvirkjanir.” Dagsettur 15.desember 2009.

samþykkir að halda áfram könnun á möguleikum til vatnsöflunar.

15. Fjárhagáætlun fyrir árið 2010 síðari umræða.

Samþykkt að leikskólagjöld og matarkostnaður í leik og grunnskóla hækki um 12%. Aðrar breytingar á gjöldum voru áður samþykktar.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar vegna 2010 í þús. króna.

	A hluti	A og B hluti
Tekjur	373.724	380.910
Gjöld	(386.294)	(381.435)
Fjármunatekjur	9.767	4.856
Rekstrarniðurstaða	(2.803)	4.331

16. Skipan í vettvangsstjórnir almannavarna í aðildarsveitarfélögum Almanna-varnarnefndar Árnessýslu

Samþykkt að starfsmaður áhaldahúss verði í vettvangsstjórn ásamt einum fulltrúa tilnefndum af Brunavörnum Árnessýslu og einum af björgunarsveitinni Sigurgeir.

17. Lóðablað vegna skiptingu jarðanna Sandlækjarkots og Kletta.
Lagt fram lóðablað Búnaðarsambands Suðurlands í mkv. 1:7500 sem sýnir skiptingu jarðanna Sandlækjarkots (landnr. 166588) og Kletta (166589). Þá fylgja með sér lóðablöð fyrir hverja spildu fyrir sig. Samkvæmt gögnunum skiptist Klettur í þrjár spildur sem merktar er á uppdrætti sem nr. 2 (10,1 ha), nr. 4 (34,45 ha) og nr. 5 (9,9 ha). Sandlækjarkot skiptist í 4 spildur sem á uppdrætti eru merktar nr. 1 (0,51 ha), nr. 3 (1,17 ha), nr. 6 (40,6 ha) og nr. 7 (11,58 ha).
Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga en ekki er tekin afstaða til hnitsetningar á ytri-mörkum spildnanna.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.40

Leiklistarnámskeið.

Spennandi Leiklistar-tóna og spuna námskeið!

Eins og sagt var frá í síðasta fréttabréfi, mun U.M.F.G standa fyrir leiklistarnámskeiði í vetur. Farið verður í tækni leikarans og unnið með tónlist útfra sérstakri spuna-aðferð sem notið hefur mikilla vinsælda.

Námskeiðið hentar öllum 16 ára og eldri, bæði vönum og óvönum. Leiðbeinendur verða Vilborg Halldórsdóttir leikkona og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir tónmenntakennari.

Námskeiðið hefst upp úr miðjum febrúar, ef næg þátttaka fæst og verður fram í miðjan mars. Nánari tímasetningar verða ákveðnar síðar. Námskeiðskostnaði verður stillt í hóf. Hvetjum alla áhugasama til að koma og taka þátt.

Nánari upplýsingar veita:

Sigrún í Fossnesi sími 486-6079 / 895-8079 / fossnes@uppsveitir.is

Magnea í Þrándarholti: 868-5569 / thrandarholt@gmail.com

Vilborg Halldórsdóttir: vilborg@simnet.is

Hægt er að skrá sig hjá leiknefnd:

Þóra í Haga sími 482-2929 og 847-2930

Sirry Þrándarholti: 891-6334 / sirry@emax.is



Nýir sveitungar!

Linda Ósk Högnadóttir og Atli Eggertsson Knarrarholti eignuðust stúlku 26. desember 2009. Vó litla daman 3.640 gr. og 49 cm. Fjórir vaskir sveinar eignuðust þar litla systur, tvíburarnir Ásgeir Jaki og Högni Jökull fæddir 2007 og þeir Arnþór Ósmann, 1999 og Hrannar Örn, 2002.
Hjartanlega til hamingju öll.

Smá hugleiðing!

Þegar ég sá skrif Ingu Maju skólastjóra um að kennarar héðan úr Þjórarskóla höfðu farið að hlusta á þann breska Dr. Charles Desforges sem kom til Íslands í haust með fyrirlestur, langaði mig að segja aðeins frá því sem hann miðlaði til okkar foreldra af öllum Norðurlöndunum í sept. 2008 Hann hélt fyrirlestur ásamt nokkrum öðrum fræðimönnum í Solna í Svíþjóð á ráðstefnunni **Nordisk Komité (NOKO) sem stendur fyrir samvinnu heimilis og skóla** og er samstarfsvettvangur foreldrasamtaka á Norðurlöndum.

Prófessor Charles Desforges sagði að á árunum 1990-2002 var mikið lagt í að bæta kennsluna í grunnskólunum í Bretlandi en samt jókst árangur nemenda mjög lítið. Einstaklingskennsla segir hann að gefi bestan árangur. Ekkert þjóðfélag hefur þó efni á slíkri kennslu en samt telur hann möguleika á að nemendur geti náð betri árangri.

Það sem hefur áhrif á útkomu menntunar segir Desforges að sé:

- Persónuleiki barnsins
- Persónuleiki fjölskyldu
- Íhlutun foreldranna
- Gæði skólans
- Samfélagið
- Jafnaðraþingurinn
- Stuðningsþjónusta fjölskyldunnar

Desforges skoðaði 40 rannsóknir sem gerðar hafa verið um:

Áhrif þátttöku foreldra á gengi barna í skólanum

Niðurstaða þeirra var: **Ef foreldrarnir tóku þátt í lífi barnsins hafði það mikil áhrif á gengi barnsins í skólanum.** Hann sýndi niðurstöðurnar:

Áhrif foreldra Áhrif skólans

7 ára	0,29%	0,05%
11 ára	0,24%	0,21%
16 ára	0,14 %	0,51%

Hjá yngstu börnunum skipta foreldrarnir mestu máli í gengi barnsins í skólanum. Því skiptir mjög miklu að styðja foreldra þeirra.

Hjá 16 ára börnunum eru áhrif foreldranna mun minni en þau hverfa samt aldrei sagði prófessor Charles Desforges.

Til gamans má geta þess að Ingvar Sigurgeirsson lektor við Kennaraháskóla Íslands var með fyrirlestur á ráðstefnunni sem hann nefndi **Gullkista við enda regnbogans.** Ingvar sagði þar frá rannsókn sinni á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006. Margt áhugavert kom þar fram.

Með kveðju og bestu óskum um farsæld á nýju ári.

Kristjana Gestsdóttir



Dr. Desforges leggur áherslu á mál sitt í Solna.

Helgihald í janúar í Hrunaprestakalli, hinu nýja.

24. janúar kl. 11:00 messa í Hrunakirkju

24. janúar kl. 14:00 messa í Ólafsvallakirkju

07. febrúar kl. 14:00 messa í Stóra-Núpskirkju

Myndlistarnámskeið

Núna í janúar er að hefjast myndlistarnámskeið þar sem Katrín Briem myndlistakennari og myndlistamaður kennir.

Kennt verður í kjallaranum í Þjórsárskóla. Katrín Briem er með áratuga reynslu af myndlistarkennslu og frábært að fá að njóta krafta hennar. Þið getið haft samband við mig eða Katrínu Briem varðandi frekari upplýsingar.

Bestu kveðjur

Vilborg M. Ástráðsdóttir 486-6061 / 863-9689.

Katrín 486-6010 / 863-3920 / 552-7094



Týnd hryssa!

Brún, fullorðin hryssa, mjög stór og gróf á höfuð tapaðist úr heimahögum í Hlíð um mitt sumar 2009.

Var með gamalt, illa gróið sár á afturfæti.

Góðfúslega látið Tryggva eða Önnu vita ef einhver hefur orðið hennar var í síma 486-6034.

Hestur í óskilum!



Grár, fullorðinn hestur í óskilum í Fjalli.

Kom um mánaðarmótin júní - júlí 2009.

Upplýsingar gefur Ingvar Hjálmarsson í síma 891-9597.

Pistill frá Oddvita

Málefni fatlaðra

Málefni fatlaðra er mál sem ríkið hefur haft á sinni könnu fram til þessa, en þann 1. jan. 2010 flyst þessi málaflokkur til sveitarfélaganna. Það er ljóst að minni sveitarfélög geta átt erfitt með að veita fullnægjandi þjónustu á þessu sviði, þess vegna er gert ráð fyrir að myndaðir verði þjónustukjarnar þar sem eru að lámarki átta þúsund íbúar.

Sveitarfélögin á Suðurlandi þurfa því að koma sér saman um með hvaða hætti þessir þjónustukjarnar verða skipulagðir. Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga hélt af því tilefni málþing um þessar fyrirhuguðu breytingar á Selfossi þann 8. Janúar. Málþingið var mjög vel sótt, um hundrað manns komu. Þetta er spennandi málaflokkur fyrir sveitarfélögin að taka við og geysilega mikilvægt að vel takist til þar sem hagsmunir þess fólks sem þarf á þjónustunni að halda verða í öndvegi, ekki hreppapólitík og þröngir hagsmunir einstakra aðila.

Í Skafttholti er heimili fyrir fatlaða, það er rekið með miklum myndarskap og komast færri að en vilja. Þar eru nú átta vistmenn. Gert er ákveðið mat á því hvað hver og einn þarf mikla þjónustu miðað við sína fötlun. Núna eru á milli þrettán og fjórtán stöðugildi í Skafttholti. Það er þessum stað sem og öðrum slíkum, geysilega mikilvægt að þessir tilflutningar takist sem allra best.

Upplýsingamiðstöð

Það hefur marg oft komið hér fram sem og annars staðar að sveitarfélagið og Landsvirkjun hyggjast koma á fót upplýsingamiðstöð í Árnosi sem á að heita Þjórsárstofa, nokkur óvissa hefur ríkt varðandi tímasetningar í þeim efnum. Ástæða þeirrar óvissu er ástandið í okkar þjóðfélagi og það að Umhverfissráðherra hefur ekki ennþá staðfest breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins varðandi Hvamms- og Holtavirkjanir. Skipulagið hefur beðið staðfestingar í rúmlega ár hjá ráðherra, slík stjórnsýsla er með ólíkindum.

Þrátt fyrir þessar tafir hefur tekist að ýta Þjórsárstofuverkefninu úr vör og hefur Landsvirkjun fallist á að leggja 34.000.000.- í verkefnið, óháð því hver verða afdrif virkjanaframkvæmda. Þetta tryggir að hægt verður að taka húsnæðinu í Árnosi verulegt tak.

Arkitektar eru nú að vinna að tillögum að nýtingarmöguleikum hússins, þegar þær hugmyndir verða tilbúnar verður haldinn íbúafundur þar sem breytingarnar verða kynntar en mikil áhersla er lögð á að húsið nýtist sem best og sem fjölbreyttust starfsemi rúmist þar innan dyra. Vonast er til að hægt verði að halda íbúafundinn í þessum mánuði eða byrjun þess næsta, þar verður farið ýtarlega í þessi mál. Stefnt er að því að opna upplýsingamiðstöðina á þessu ári.

Landnámsdagur

Landnámsdagur var haldinn hjá okkur fyrir tveimur árum síðan og heppnaðist mjög vel. Ákveðið var að hafa svona dag aftur að tveimur árum liðnum, nú er komið að því og stefnt á að halda Landnámsdag í sumar. Skipuð verður sérstök nefnd í málið til að sjá um framkvæmdina.

Prestaköll

Þjóðkirkjan er nú ekki sú stofnun sem farið hefur framúr sér í breytingum á sínu skipulagi. Það hefur hins vegar oft komið til tals að sameina sóknirnar hjá okkur og Hrunamönnum enda báðar sóknirnar frekar fámennar.

Þessar hugmyndir hafa mér alltaf fundist rangar, ekki að það sé bannorð, að sameina sóknir, heldur hitt að mér finnst að sameiningin hefi átt að vera stærri, hefði viljað sjá Skálholt sem miðstöð kirkjustarfs í uppsveitunum, sem eina sókn með þeim fjölda presta sem þörf væri á fyrir þessa stærð af sókn.

En nú er ég líklega komin út á hálán ís, hef ekki tekið þátt í starfi kirkjunnar og ekki sligað kirkjubekkina þó þungur sé. Axel Árnason Njarðvík hefur verið sóknarprestur hjá okkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um alllangt skeið, þær breytingar sem orðið hafa í framhaldi af sameiningu sóknanna hafa leitt til þess að hann verður nú héraðsprestur. Ég vil nota tækifærið og þakka Axel fyrir hans störf hér í okkar sveitarfélagi um leið og ég óska honum velfarnaðar í nýju starfi.

Þá býð ég Eirík Jóhannsson velkominn til starfa sem sóknarprest.

Íbúabróun

Árið 2008 vorum við eitt fárra sveitarfélaga á Suðurlandi þar sem íbúum fækkaði, árið 2009 snérist dæmið við og nú erum við eitt fárra sveitarfélaga á Suðurlandi þar sem íbúum fjölgar það er reyndar ekki mikið fer úr 516 í 519 íbúa. Fjölgun uppá þrjá íbúa er kannski ekki mikið en, miðað við önnur sveitarfélög í Árnessýslu telst það víst ágætt á þessum tímum en það fækkar í þeim öllum nema í Flóahreppi þar fjölgar um þrjá eins og hjá okkur.

Með nýárskveðju. Oddviti.

SMÁRI



**Reiðhöllin á Flúðum og
hestamannafélögin Logi og Smári auglýsa.**

Uppsveitadeildina!



Uppsveitadeild Smára og Loga er 4 móta mótaröð sem saman stendur bæði af einstaklingskeppni og liðakeppni.

Dagskrá móta.

Föstudaginn 29. janúar - smali.

Föstudaginn 26. febrúar - fjórgangur.

Föstudaginn 26. mars - fimmgangur.

Föstudaginn 23. apríl - tölt og fljúgandi skeið.

Smali (hraðafimi)

Smalinn dregur nafn sitt af einu mikilvægasta hlutverki íslenska hestsins frá örófi alda. Eiginleikar sem prýða góðan smala og smalahest eru nauðsynlegir ef árangur á að nást, þetta eru þættir eins og hraði, kjarkur, fimi og snerpa.

Riðin er braut sem mörkuð er keilum sem ná upp á síður hests. Keilurnar skulu vera þannig útbúnar að þær falli við litla snertingu.

Árangurinn ræðst af brautartíma og felldum keilum.

Liðin.

Liðsstjóri: Guðrún S Magnúsdóttir
Líney S. Kristinsdóttir
Katrín Rut Sigurgeirsdóttir

Liðsstjóri: Björn Jónsson
Ingvar Hjálmarsson
Hermann P. Karlsson
Bjarni Birgisson

Liðsstjóri: Hjálmar Gunnarsson
Kristbjörg Kristinsdóttir
Cora Claas
Guðmann Unnsteinsson

Liðsstjóri: Þorsteinn Loftsson
Gústaf Loftsson
Victoría Larsen
Hólmfríður Kristjánsdóttir

Liðsstjóri: Styrmir Þorsteinsson
Grímur Sigurðsson
Þorsteinn Þorsteinsson
Aðalheiður Einarsdóttir

Liðsstjóri: Knútur Ármann
María Þórarinsdóttir
Dóróthea Ármann




Styrktaraðilar liðanna eru.

Búnaðarfélag Skeiðamanna
Hestaleigan Syðra Langholti
Hrossaræktarbúið Efra Langholti
Hrossaræktarbúið Unnarholtskot
Auðsholt 2 Hrossarækt

Nesey ehf

Verktakar – Vélaleiga
892-4888 – 892-4485
nesey@nesey.is



Skálholtsstaður



Gljasteinn ehf.

Myrkholt · Bláskógabyggð
Sími 895 9500
www.gljasteinn.is




Rekstur afréttahúsa!

Sveitarfélagið auglýsir hér með eftir aðila til að taka að sér rekstur afréttahúsanna annarra en Hólaskógar.

Hugmyndin er að viðkomandi sjái um að reka húsin.

Nánari upplýsingar veitir oddviti í síma 486-6014.



Frá Unglingadeildinni Skúla

Inntaka nýrra félaga fer fram í byrjun febrúar. Nánari tímasetning og staðsetning verður auglýst síðar. Aldurstakmark er fæðingarárin 1992 til 1996. Allir velkomnir að koma og kíkja hvort sem þeir ætla að vera með eða ekki. Allar nánir upplýsingar um deildina er hægt að finna inn á síðunni <http://ud-skuli.blogcentral.is/>.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:
12:00 frá Landflutningum og 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693
netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer / 892-2316- Trailer



Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Næsta Fréttabréf kemur út þriðjudaginn 16. febrúar
Skilafrestur efnis er til miðvikudagsins 10. febrúar.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Kristjana Gestsdóttir - frettabref@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinnsson Oddviti

Athugið

Fréttabréfið er ágætis vettvangur til ýmis konar skrifa og er fólk hvatt til þess að notfæra sér það. Gaman væri t.d. að lesa gamlar frásagnir, ferðasögur og fleira sem ef til vill hefur legið í skúffunni eða í hugskoti okkar allt of lengi.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is

Til Sölu



Lazy boy leðursófasett til sölu.
Þetta er þriggja sæta sófi og tveir stólar. Verð 100.000,- kr
Nánari upplýsingar hjá Pálmari í síma 892-2370.



VÖNDULL ehf **FLUTNINGARJÓNUSTA Í** **ÁRNESSÝSLU.**



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300
Opið 8:30 –16:30 Símat. 9-9:30 og 13–13:30

FRUMNÁMSKEIÐ VINNUVÉLA Á FLÚÐUM

Fyrir væntanlega stjórnendur lyftara með allt að 10 t lyftigetu, dráttarvéla m/tækjabúnaði, krana minni en 18 tm, valtara, mal-bikunarvéla og fjölnotatækja upp að 4 t eigin þyngd, verður haldið á Flúðum, 25.,26. og 27. janúar 2010 , ef næg þátttaka fæst.

Kostnaður er ca 23.000 per mann.

Möguleiki er að fá námsgögn á erlendum tungumálum.

Skráning og upplýsingar í síma 892-2370 eða í

netfangið fludaleid@simnet.is



Vinnueftirlit ríkisins og Flúðaleið ehf

Frá UMFG

Körfuboltaæfingar fyrir karla og konur eru á fimmtudagskvöldum kl. 20.30 í Árnesi.


Hentar öllum.



Vikur!

Get útvegað vikur fyrir garðyrkjubændur í stórsekkjum og fiskikörum, frá Jarðefnaiðnaði í Þorlákshöfn.

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari, Flúðaleið ehf s: 892-2370



TAXI – TAXI

LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND
Í SÍMA: 893-1462 (UNNAR)

Á bak við eldavélina

Ég þakka Svölu nágrannakonu minni fyrir áskorunina og ætla að koma með nokkrar uppskriftir af vinsælum réttum á okkar heimili.

Byrjum á einum af uppáhaldsréttunum hjá strákunum mínum:

LASAGNA „ALA“ Unnur Lísu:

KJÖTSÓSA:

2-3 lauka

2-3 hvítlauksrif

1 kg af kindahakki (eða öðru)

1 stór krukka með góðu tómatamauki (góð með hvítlauk og basil)

Salt, pipar, rósmarín, smá basil eða annað krydd eftir smekk.



OSTASÓSA:

Það er nú hægt að kalla þessa sósu; allt gott úr ísskápnum. Margir eiga eiga alls konar mjúka osta í ísskápnum og nú er kjörið að henda þeim í pott og bræða með slatta af mjólk (7-10 dl). Það tekur smá tíma að bræða ostana svo ég byrja oft á ostasósunni og læt hana malla á meðan að ég geri kjötsósuna. Geymið venjulega Gouda ostaafganga til að setja ofan á réttinn.

Það er líka fínt að nota afganga af rjóma og sýrðum rjóma. Þykkið sósuna og bætið við smá múskati, grænmetis/hænsnakrafti, salti /pipar. Þegar ykkur finnst sósan góð þá er hún tilbúin. Ég nota oftast maizena til að þykkja sósuna.

Jæja, þá byrjar vinnan með að raða í fatið. Takið frekar stórt eldfast mót og setjið smá olíu í botninn. Raðið lasagna plötum neðst, síðan ostasósu, lasagna, kjötsósu, lasagna, ostasósu, lasagna, kjötsósu, lasagna og restin af ostasósunni. (Stundum set ég eina dós af baked beans ofaná efsta kjötlagið.) Efst er ostasósan vel yfir öllum lasagna plötunum og þetta fer bara inn í ofn í ca. 35-45 mín á 180°C. Þegar ca 15 mín eru eftir þá bætið ofan á osti og smá smjörklípum. Síðan er mjög gott að nota ferskan Parmesan og strá yfir (hann er bara svakalega dýr!!) Gott að frysta ostaskorpur og eiga í litlum einingum í frystihólfinu.

FLJÓTLEGT KREPPU KRYDDBRAUÐ:

Ef þið viljið brauð með matnum þá er upplagt að byrja á því að hræra í einn skammt af brauði og láta hefast á meðan þið mallið matinn. Þegar kreppan skall á og pokinn af hvítlauksbrauði og baguette kostaði hátt í 500 kr. þá hætti ég að kaupa brauðin og fór að gera alls konar tilraunir í bakstrinum. Stundum erum við að flýta okkur og nenum heldur ekki að hnoða þá er þessi nokkuð góð:

0,5 l volgt vatn

2 msk. þurrger

2 stór tsk. salt

1 tsk. rósmarín


2-3 msk. ólífurólía



Hrærið þessu með vatninu og bætið síðan hveitinu í smám saman, (í bláu pokunum er best) þangað til að deigið er eins og þykkur grautur. Hvolfið síðan á bökunarpappír og látið hefast hátt í klukkutíma á volgum stað. Penslið mjög varlega með volgu vatni og stráið síðan Rósmarin og grófu salti yfir. Bakið við háan hita í ca. 15 mín eða þangað til að það er orðið ljósbrúnt og stökkt. Það er líka gott að pensla með olíu eftir baksturinn. Verið ykkur á góðu!!

Ég skora síðan á Helgu í Vorsabæ að koma með eitthvað gott í næsta blaði. Hún er ótrúlega góður kokkur og aldrei hrædd við að prófa eitthvað nýtt. Bestu kveðjur,

Unnur Lísá.



Viola Snyrtistofa á Flúðum Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð - Húðhreinsun

Litun og plokkun -

Handsnyrting - Fótsnyrting

Förðun - Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME Tímapantanir í síma 566-8342 og 856-1599 (Hlíf)

Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað

Námskeið í vetur og vor 2010 í reiðhöllinni á Flúðum

Reiðkennari: Cora J. Claas

Hér að neðan eru upplýsingar um námskeiðahald sem fram fer í reiðhöllinni í vetur og fram á vor. Frekari upplýsingar og námskeiðslýsingar er að finna á www.smari.is

Þjálfunarnámskeið

15.01.10 Fös kl. 20:00 bóklegur tími

16.01.10 Lau 2 x 30 mín verklegur tími á milli kl. 9:00 og 18:00

05.02.10 Fös kl. 20:00 bóklegur tími

06.02.10 Lau kl. 2 x 30 mín verklegur tími á milli kl. 9:00 og 18:00

19.02.10 Fös kl. 20:00 bóklegur tími

20.02.10 Lau 2 x 30 mín verklegur tími á milli kl. 9:00 og 18:00

Hræðslupúkanámskeið / Námskeið fyrir hræddar konur

Kennslan fer fram **Lau 20.03.10** og **Sun 21.03.10** á bilinu 9:00 til 16:00

Byrjendanámskeið

Kennslan fer fram **Lau 08.05.10** og


Sun 09.05.10 frá kl. 9:00 til kl.16:30

Einkakennsla á Þriðjudögum

Þeir sem vilja skrá sig sendi póst á

jovanna@gmx.de

eða hringi í síma 844-6967 hjá Coru.



Kær kveðja
Cora Claas og hestamannafélögin
Logi og Smári

Lestrarfélag
Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu Brautarholti
bokasafn@skeidgnup.is
S: 486-5505



Opnunartími

Mánudagur kl. 16 -18

Miðvikudagur kl. 16 -18

Fimmtudagur kl. 20 -22

**Munið kærur viðskiptavinir að skila bókum
sem fengnar hafa verið að láni.**

**Vinsamlegast virðið tímamörk á nýjum bókum en það er
2ja vikna útlán á þeim.**

Húsaleigubætur

Minnum á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár
og gildir hver umsókn eitt ár. (skv. 10. gr. laga um húsaleigubætur).
Hægt er að lesa lögin í heild á <http://www.felagsmalaraduneyti.is>

Sækja þarf um árlega og þeir einstaklingar sem hafa fengið húsa-
leigubætur greiddar á s.l. ári þurfa því að **endurnýja umsóknina**
fyrir 16. janúar 2010.

Oddviti

Heilsuprek!

Námskeið sem inniheldur fjölbreyttar æfingar og reynt er að sníða æfingarnar að hverjum og einum. Mikil áhersla lögð á að styrkja stoðgrindina og teygjur, og að hafa það gaman. Mikið án lóða. Get verið með ykkur ef þið getið komið. Heilsa og andleg líðan í fyrirrúmi..

Námskeiðið mun hefjast 2. febrúar 2010 og verður 2 x í viku (þriðjudaga og fimmtudaga) í 4 vikur.

Hægt er að vera til skiptis í Árnesi og Brautarholti kl. 16:30.

Innifalið:

Vigtun og ummálmæling við upphaf og lok námskeiðs.

Matseðill, uppskriftir og annað sem nýtist. Mikið aðhald.

Verð: 12.900 kr.

Vonandi sé ég sem flestar ☺ og tökum á því!

Eva Björk Birgisdóttir

Allar aðrar upplýsingar í síma 697-9635 eða á shira_e@hotmail.com



Knattspyrnudeildin

óskar öllum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári.

Á liðinni haustönn voru knattspyrnuíðkendur deildarinnar um 80 talsins og fer stelpum ört fjölgandi í hópnum. Hér hefur verið mikil vakning eins og í kvennaknattspyrnunni almennt og hefur velgengni íslenska kvennalandsliðs vafalaust haft hvetjandi áhrif.

Guðmundur Aron, Víðis- og Kristínarsonur var kallaður inn í annað sinn á landsliðsæfingar U15, 12. og 13. desember í Kórinn í Kópavogi.

Stjórn knattspyrnudeildar vill þakka foreldrum sem hafa komið að akstri, Gröfutækni, Hótel Flúðum, Jóhanni Marel, Sölufélagi garðyrkjumanna, og knattspyrnuvöruverslun Jóa Útherja stuðninginn síðastliðið ár. Þessi aðilar hafa verið helstu styrktaraðilar við uppbyggingu deildarinnar.

Þeir sem eiga óuppgerð æfingagjöld fyrir haustönnina

eru vinsamlegast beðnir um að gera upp við þjálfara.

Góð íþrótt er gulls ígildi.

Fyrir hönd deildar,

Heimir Þjálfari



Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa.

Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið.

Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið velkomin



**Vitalic -
hestaköggjar**



Eigum ávallt á lager milligerðir,
átgrindur, milligrindur, gerðisgrindur,
steinbita, gúmmímottur og renninga.
Fjölbreytt úrval festinga

Gúmmírenningar
á steinbita



Sorphirðudagatal 2010



Losun heimilissorps í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður á eftirfarandi dögum:

janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2		1	2	3	4	5	6		1	2	3	4	5	6
3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13	7	8	9	10	11	12	13
10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20	14	15	16	17	18	19	20
17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27	21	22	23	24	25	26	27
24	25	26	27	28	29	30	28							28	29	30	31			
31																				
apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3							1					1	2	3
4	5	6	7	8	9	10	2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12
11	12	13	14	15	16	17	9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19
18	19	20	21	22	23	24	16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26
25	26	27	28	29	30		23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30			
							30	31												
júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3	1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4
4	5	6	7	8	9	10	8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
11	12	13	14	15	16	17	15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
18	19	20	21	22	23	24	22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
25	26	27	28	29	30	31	29	30	31					26	27	28	29	30		
október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9	1	2	3	4	5	6		5	6	7	8	9	10	11
10	11	12	13	14	15	16	7	8	9	10	11	12	13	12	13	14	15	16	17	18
17	18	19	20	21	22	23	14	15	16	17	18	19	20	19	20	21	22	23	24	25
24	25	26	27	28	29	30	21	22	23	24	25	26	27	26	27	28	29	30	31	
31							28	29	30											



igf@igf.is
Sími 577-5757



Græna Tunnan
Brúna Tunnan
Gráa Tunnan
Heyrúlluplast

Gleðilegt nýár!